BÍLGREINASAMBANDIÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna. Mál nr. 105/2020.

Lögð hafa verið drög að reglugerð í samráðsgátt stjórnvalda er birt var 24. maí sl. er snýr að endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna. Bílgreinasambandið fagnar þeirri breytingu sem hefur verið gerð en umrædd reglugerð verður sett með heimild í 6. mgr. bráðabirgðaákvæðis nr. XXXIII og 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis nr. XXXIV við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Við yfirferð á drögum eru atriði sem Bílgreinasambandið vill koma með ábendingar á framfæri og leggjum við til að verði breytt í þeim drögum sem hafa verið birt.

Árið 2018 voru yfir 4.000 starfandi í bílgreinum samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar en fækkar þeim um 900 á milli ára og voru á árinu 2019 rúmlega 3.200 einstaklingar starfandi í bílgreinum sem gefur 22% samdrátt milli ára. Erum við að nálgast tölur sambærilegar því sem var árið 2010 þegar „svarta hagkerfið“ stækkaði hratt og tryggja þarf að gerist ekki á ný. Skráðum ökutækjum á markaði er sífellt að fjölga og því ættum við ekki að sjá eftirfarandi niðurstöður er varðar starfandi í greininni. Heildarfjöldi skráðra ökutækja nam alls 385.448 í lok árs 2019 en er það aukning um 86.750 ökutæki frá árinu 2011.

Bílgreinasambandið vill benda á að með flóknari tækni ökutækja er sífellt mikilvægara að viðgerðir og viðhald bifreiða sé í höndum fagmanna og inn á verkstæðum sem hafa til þess rétt áhöld, tæki og þekkingu. Því var það mikið ánægjuefni fyrir bílgreinina í heild þegar stjórnvöld samþykktu að greinin tæki þátt í verkefninu „Allir vinna“ og þeir einstaklingar sem fara með bíla sína til viðgerðar geti sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Helstu atriði sem Bílgreinasambandið vill benda á er varðar reglugerðina eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt lið f. í 1. gr., *Gildissvið,* er talin upp að heimild sé fyrir endurgreiðslu af vinnu manna vegna bílaviðgerðar, bílamálunar eða bílaréttingar fólksbifreiða. Tilgangur endurgreiðslu og verkefnisins „Allir vinna“ er að tryggja að störf tapist ekki og einstaklingar haldi áfram að sinna því viðhaldi og endurbótum sem þörf er á fyrir húsnæði og ökutæki. Því telur Bílgreinasambandið að mikilvægt sé að vinnan sé framkvæmd af menntuðum einstaklingum í greininni og þeirra fagi. Því leggur sambandið til að liður f. í 1. gr. verði breytt í eftirfarandi: **einstaklingar hafa greitt af vinnu manna vegna fólksbifreiða í þeirra eigu sem eru ekki að neinu leyti nýttar í atvinnurekstri þeirra eða sjálfstæðri starfsemi.** Rökin fyrir þeirri breytingu er að svo virðist ef heitin bílaviðgerð, bílamálun eða bílarétting sé notað er verið að undanskilja mikilvæga þætti í þjónustu við ökutæki. Má þar nefna ásettningu dráttarbeisla sem má búast við að verði neytendum ofarlega í huga á ferðalögum sumarsins. En mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ásetning slíks beislis krefst þekkingar og að viðgerðaraði búi

yfir réttum búnaði þegar um nýleg ökutæki er að ræða. Slík ökutæki eru búin miklum öryggisbúnaði, s.s. vegaskynjurum og myndavélum og því mikilvægt að slíkt sé stillt rétt til að tryggja öryggi.

2. Samkvæmt lið a. 2 í 4. gr., kemur fram að fjárhæð vinnuliðar á reikningi sé að lágmarki 25.000 kr. án virðisaukaskatts. Í flestum tilfellum þá kemur ökutæki í bilanagreiningu og gefinn er út reikningur og síðar kemur ökutækið inn í viðgerð þegar varahlutir eru komnir til landsins eða umfang viðgerðar er þekkt. Hér telur Bílgreinasambandið að eðlilegt væri að hægt sé að hengja slíka reikninga saman þar sem hér geta báðir reikningar verið á mörkunum að fá samþykki vegna upphæðar og fær því einstaklingur ekki endurgreiðslu. Fordæmi fyrir því að hengja sama reikninga eru fyrir slíku þegar t.d. sótt er um vegna vinnu sem unnin er vegna íbúðarhúsnæðis.

3. Samkvæmt lið d. í 5. gr., *Virðisaukaskattur sem telst ekki endurgreiðsluhæfur*, er undanskilin vinna sem unnin er á verkstæði. Hér þarf að breyta þessum lið og taka fram að vinna við fólksbifreiðar **þarf að fara fram** á verkstæði.

4. Samkvæmt lið f. Í 5. gr., *Virðisaukaskattur sem telst ekki endurgreiðsluhæfur,* er undanskilið regluleg umhirða fólksbifreiða eða minniháttar viðhald hennar, s.s. ábyrgðarskoðun, tjónamat, ástandsskoðun, hjólbarðaviðgerðum, hjólbarðaskiptum, smurþjónustu, þrifum og bóni. Það skýtur skökku við að þegar heimild er í ákvæðinu að endurgreiðsla er til staðar af vinnu manna vegna reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis svo sem garðslátts, trjákippingar eða annarrar gaðvinnu að ekki sé heimild endurgreiðsla fyrir vinnu sem unnin er vegna ábyrðarskoðunar/þjónustuskoðana ökutækja. Í því tilfelli er verið að yfirfara öryggisþætti ökutækja og oftar en ekki er vinna við slíkar skoðanir að hlaupa á þúsundum króna. Það er því mikilvægt að hægt sé að sækja um endurgreiðslu slíkrar vinnu til að tryggja að einstaklingar dagi ekki úr að ökutæki séu yfirfarin samkvæmt ábendingum framleiðenda til að tryggja öryggi þeirra.

Fyrir hönd Bílgreinasambandsins,

BÍLGREINASAMBANDIÐ

María Jóna Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri
Hús Atvinnulífsins, Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 568 1550 / Farsími: 825 5525